

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 393 5. september 1975
um gatnagerðargjöld í Ólafsvíkurbhreppi.

10. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald samkvæmt 7. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir hinir sömu og af lánum Byggðasjóðs af gatnagerðarlánum nú 22% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem er lagt á, og gengur ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurbrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 285.

3. júní 1980.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, með síðari breytingum.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 2. gr. 1. tölul. laga nr. 35 1970, um skipan prestakalla o. fl. og samkvæmt meðmælum biskups Íslands, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963 og síðari breytingum nr. 189/1967, 71/1968, 143/1971, 74/1972, 234/1973 og 57/1975:

1. Töluliður 12—13. Langholtsprestakall (I og II) verði:

12. Langholtsprestakall.

2. Á eftir 21. tölulið (Fellaprestakall) komi nýr töluliður er orðist svo:

22. Seljaprestakall: Seljasókn takmarkast að norðan og austan af Breiðholtsbraut og Útvarpsstöðvarvegi en að sunnan og vestan af mörkum Kópavogs og Reykjavíkur.

Önnur ákvæði auglýsingar nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa. Sóknargjöld fyrir árið 1980 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga. Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júní 1980.

Friðjón Þórðarson.

Baldur Möller.